



Minnisblað - leigusamningur Héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn

Höfnin leigir húsnæði í Hafnarhúsinu á Ásgeirsbakka sem nýtt er fyrir hafnastarfsemi, auk þess sem höfnin framleigir Héraðsskjalasafni og ljósmyndasafni hluta þess sem geymslurými (um 120 m²).

Þetta rými nýtist söfnunum mjög illa, bæði þar sem það er of lítið (gögn geymd í kössum á pallettum á gólfi) og því erfitt að ganga um gögnin og finna þau til, auk þess sem gögn eru í hættu vegna vatns- og rakatjóns. Þá getur rýmið ekki tekið við frekari gögnum og skilaskildir aðilar, s.s. sveitarfélagið geta ekki skilað af sér gögnum.

Umrætt húsnæði á Ásgeirsbakka var tekið á leigu eftir að Norðurtangasamningar gengu ekki eftir, og var alltaf hugsað sem tímabundin lausn. Undanfarið hefur verið leitað að framtíðarheimili fyrir geymslur og vinnurými fyrir söfnin, s.s. með hugmyndum um að þegar byggð yrði slökkvistöð fengi safnið að vera í hluta þess húss, og gerð var tilraun til að kaupa geymslur af Íslandsbanka á síðasta ári, sem ekki gekk eftir.

Síðustu mánuði hefur safnið verið með geymslur í leigu tímabundið á 2. hæð í Sindragötu 11, þegar endurbætur á kjallara safnahúss hófust, enda þurftu öll gögn úr kjallara að fara þaðan vegna myglunnar. Sá samningur var gerður til skamms tíma, enda átti endurbótum að ljúka fyrir áramótin 2023/2024. Fyrirséð er þó að endurbótum lýkur ekki fyrr en í fyrsta lagi á vordögum 2024, þannig að hægt sé að byrja að flytja gögn aftur í kjallara Safnahúss.

Fyrirséð er þó að kjallari Safnahúss getur ekki tekið við öllum gögnunum. Þau gögn sem tilheyra Héraðsskjalasafni, ljósmyndasafni og Listasafni þurfa að fara öll á einn góðan stað. Þannig getur bókasafnið nýtt betur kjallara hússins, bæði fyrir sitt safn og aðra tengda starfsemi, sem aukist hefur svo um munar síðustu ár, s.s. með ýmsu félagsstarfi, klúbbum, vinnusmiðjum o.fl. Vilji er til að auka við þess konar starfsemi og þjónustu við íbúa.

Húsnæði að Sindragötu nýtist mjög vel fyrir söfnin, enda er loftræsting og loftgæði betri, ekki vatnshætta, auðvelt er að koma upp hillum þar svo hægt sé að ganga um gögn safnsins, sem auðveldar vinnu starfsmanna. Þá rúmar það öll gögn safnsins, bæði núverandi gögn og gögn sem geymd eru í Hafnarhúsi (alls um 340 m²), auk þess sem hægt er að taka við frekari gögnum, sem er lögbundin skylda safnsins.

Núverandi og fyrrverandi bæjarritari og forstöðumenn Héraðsskjalasafnsins hafa gert fjölda minnisblaða á síðustu árum um alvarlegan skort á húsnæði fyrir skjalasafn, ljósmyndasafnið og listasafnið, en rými í kjallara í Safnahúsi dugar ekki fyrir þá starfsemi sem bókasafn og héraðsskjalasafnið ber lögum samkvæmt að sinna. Staðan er þannig að Héraðsskjalasafnið hefur þurft að neita/fresta að taka við gögnum frá skilaskyldum aðilum Ísafjarðarbæjar vegna vöntunar á húsnæði, auk þess sem safngeymsla í Hafnarhúsi var útbúin sem tímabundin lausn fyrir nokkrum árum, í kjölfar ágreiningsmál um Norðurtangahúsið þegar safnið átti að flytjast þangað.

Rétt er að taka það fram að málið hefur verið unnið síðustu viku í samráði við bæjarstjóra og hafnarstjóra. Hafnarstjóra hefur verið gert viðvart um nauðsynlega uppsögn rýmis Skjalasafnsins á höfninni. Þá hefur Safnahúsið gert ráð fyrir leigugreiðslum vegna þessarar langtímaleigu í fjárhagsáætlun 2024, að teknu tilliti til lækunar leigugreiðslna vegna uppsagnar á Ásgeirsbakka.

Með vísan til þessa er lagður fram til samþykktar langtímahúsaleigusamningur um umrætt rými í Sindragötu, til 10 ára, alls 368 m², svo hægt sé að koma starfsemi safnana okkar í skikkanlegt horf .